**32014L0109**

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/109/ESB**

**frá 10. október 2014**

**um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB með því að taka saman safn af myndaviðvörunum til að nota á tóbaksvörur**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB ([1]), einkum b-lið 3. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 10. gr. tilskipunar 2014/40/ESB er kveðið á um að á sérhverjum einingarpakka og öllum ytri umbúðum tóbaksvara til reykinga skuli vera mynd- og textaviðvörunarmerking nema ef um undanþágu er að ræða í samræmi við 11. gr. Mynd- og textaviðvörunarmerkingarnar eiga m.a. að innihalda eina af þeim textaviðvörunum sem eru skráðar í I. viðauka og samsvarandi ljósmynd í lit sem er tilgreind í myndasafninu í II. viðauka við tilskipunina.

2) Með tilskipun 2014/40/ESB er framkvæmdastjórninni einnig veitt umboð til að samþykkja framseldar gerðir til að taka saman og aðlaga myndasafnið í II. viðauka, að teknu tilliti til þróunar í vísindum og á markaði.

3) Því ber að breyta II. viðauka við tilskipun 2014/40/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað II. viðauka við tilskipun 2014/40/ESB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 20. maí 2016.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

---

([1]) Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. október 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

*VIÐAUKI*

*„II. VIÐAUKI*

**Myndasafn (með mynd- og textaviðvörunarmerkingum)**

(sem um getur í 1. mgr. 10. gr.)

**Safn 1**




Reykingar eru orsök lungnakrabbameins í níu af hverjum tíu tilvikum




Reykingar valda krabbameini í munnholi og hálsi




Reykingar skaða lungun í þér




Reykingar valda hjartaáföllum




Reykingar valda heilablóðföllum og




Reykingar stífla slagæðar

fötlun




Reykingar auka hættu á blindu




Reykingar skaða tennur og tannhold




Reykingar geta valdið andláti barns í móðurkviði




Tóbaksreykur skaðar börn þín, fjölskyldu og vini




Börn foreldra sem reykja eru líklegri til að byrja að reykja en börn annarra




Hættu að reykja – lifðu lengur fyrir þína nánustu




Reykingar draga úr frjósemi




Reykingar auka hættu á getuleysi

**Safn 2**




Reykingar eru orsök lungnakrabbameins í níu af hverjum tíu tilvikum




Reykingar valda krabbameini í munnholi og hálsi




Reykingar skaða lungun í þér




Reykingar valda hjartaáföllum




Reykingar valda heilablóðföllum og fötlun




Reykingar stífla slagæðar




Reykingar auka hættu á blindu




Reykingar skaða tennur og tannhold




Reykingar geta skaðað barn í móðurkviði




Tóbaksreykur skaðar börn þín, fjölskyldu og vini




Börn foreldra sem reykja eru líklegri til að byrja að reykja en börn annarra




Hættu að reykja – lifðu lengur fyrir þína nánustu




Reykingar draga úr frjósemi




Reykingar auka hættu á getuleysi

**Safn 3**




Reykingar eru orsök lungnakrabbameins í níu af hverjum tíu tilvikum




Reykingar valda krabbameini í munnholi og hálsi




Reykingar skaða lungun í þér




Reykingar valda hjartaáföllum




Reykingar valda heilablóðföllum og fötlun




Reykingar stífla slagæðar




Reykingar auka hættu á blindu




Reykingar skaða tennur og tannhold




Reykingar geta valdið andláti barns í móðurkviði




Tóbaksreykur skaðar börn þín, fjölskyldu og vini




Börn foreldra sem reykja eru líklegri til að byrja að reykja en börn annarra




Hættu að reykja – lifðu lengur fyrir þína nánustu




Reykingar draga úr frjósemi




Reykingar auka hættu á getuleysi